



## Borgarráð

### Skólabrú - Fleyvangur, hönnun

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna hönnunar við nýjan skóla í Vogabyggð, Skólabrú - Fleyvang.

Gert er ráð fyrir að hefja hönnun í byrjun 2027 og er gert ráð fyrir hönnun ljúki árið 2029.

Kostnaðaráætlun er 500 m.kr.

#### Greinargerð:

Mannvirkið telur 8.406 m<sup>2</sup> og rúmar 720 nemendur (leikskóli og grunnskóli) og 140 stöðugildi og samanstendur af

- 10 deilda leikskóla
- Grunnskóla fyrir 1.-10. bekk
- Íþróttamiðstöð
- Félagsmiðstöð
- Frístundarheimili
- Göngu- og hjólabrú
- Vörputorgi

Hönnun felur í sér fullnaðar arkitektahönnun byggða á vinningstillögu úr hönnunarsamkeppni sem lauk árið 2024 og fullnaðar verkfræðihönnun.

Kostnaðarstaðir: 1104

Kostnaðaráætlun: 500 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta*

#### Hjálagt:

- Kynning
- Kostnaðaráætlun fyrir Skólabrú



# Skólabrú – Fleyvangur, Vogabyggð



Reykjavík

Studio B





## **01** Vinningstillaga

Tveggja þrepa hugmyndasamkeppni

## **02** Forhönnun

Uppfærð vinningstillaga

## **03** Ný kostnaðaráætlun

Miðað við forhönnun og uppfærða þarfagreiningu

## **04** Tímalína heildarverkefnis



# 01 Vinningstillaga







- 10 deilda leikskóli
- grunnskóli 1.-10. bekkur
- íþróttamiðstöð
- félagsmiðstöð
- frístundaheimili
- göngu-og hjólabrú
- 720 nemendur (leikskóli+skóli)
- 140 stöðugildi







## 02 Forhönnun





# Forsögn

- Frá haustmánuðum 2025 hefur staðið yfir forhönnunarfasi þar sem vinningstillagan hér á undan hefur verið þróuð áfram í nánu samstarfi við verkefnastjóra (SFF) og starfsmenn skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS).
- Markmið forhönnunar er að hagræða mannvirkinu enn frekar m.t.t. reynslu og uppfærðra stæðrarviðmiða, ásamt því að huga nánar að uppbyggingu, kostnaði og skilvirkni byggingarinnar.
- Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðisins (Fleyvangur) m.t.t. hins nýja skóla.
- Byggingin er nú 8.406 m<sup>2</sup> skv. fyrirliggjandi forhönnun, en var 8.634 m<sup>2</sup> á samkeppnisstigi. Þarfagreining skólamannvirkja í Reykjavík hefur breyst á þeim fimm árum frá gerð upprunalegrar greiningar.
- Meðfylgjandi er uppfærð tillaga.



## Íþróttamiðstöð

Gert er ráð fyrir að íþróttamiðstöðin verði að hluti til grafinn í bakka Vogabyggðar og verði aðgengileg inn um stigahús af þaki eða innan úr byggingu.

## Leikskóli

Leikskóladeildir verði alfarið á 1.hæð við Fleyvang með sérinngangi og aðgengi út á suðurlóð. Einnig verði hægt að komast inn um stigahús af þaki.

## Grunnskóli

Á tveimur hæðum, í boga yfir síkið, verði staðsettar grunnskóladeildir sem aðgengilegar verða um aðalanddyri skólans þ.e. við Fleyvang eða inn um stigahús af þaki.



## Brú og lóð

Brúar-og lóðafyrirkomulag helst óbreytt frá samkeppnistillögu. Lóð hefur verið betur afmörkuð á deiliskipulagsuppdrætti.

Mannvirkið hefur verið fært lítillega til, m.t.t. fjarlægðar frá afmörkun friðlýsingar Háubakka.

## Önnur rými

Deildir list-og verkgreina verða alfarið á 2.hæð yfir leikskóla ásamt upplýsingamiðstöð.

Frístundamiðstöð færir innar í grunnskóla en verður áfram í nálægð við miðrými skólans.

Félagsmiðstöð verður áfram við skólatorg, sem næst íþróttamiðstöð, en í stærra rými.

## Áfangaskipting

Með tilfærslu íþróttamiðstöðvar og enduruppöðun á leik- og grunnskóladeildum verði skólinn byggður í tveimur áföngum í stað þriggja. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum um 1.300 m<sup>2</sup> sem kæmi í beinu framhaldi af leikskóla og listgreinum – áður sem þriðji áfangi í framhaldi af íþróttamiðstöð.



## Staða verkefnis

- Jarðvegskönnun er í gangi
- Skoðun á umfangi mengaðs jarðvegs er í undirbúningi
- Samgöngumat er í vinnslu
- Jafnréttismat er í vinnslu
- Unnið er að breytingu aðalskipulags og deiliskipulags
- Endurskoðun (forhönnun) vinningstillögu er lokið
- Greinagerð um hljóðvist er lokið
- Endurskoðun á kostnaðaráætlun í flokki 4 er lokið (meðf.)
- Samtal hefur farið fram við Náttúrustofnun vegna friðunnar bakkana ásamt samtali við Skrifstofu umhverfisgæða, vegna líffræðilegs fjölbreytileika





1.hæð endurskoðuð



2.hæð endurskoðuð



# 03 Kostnaðaráætlun





# Sundurliðun

Meðfylgjandi glærur sýna sundurliðaða kostnaðaráætlun þar sem búið er að skipta hverjum lið upp í A og B flokk

A flokkur sýnir verktaka-og hönnunarkostnað alls  
B flokkur sýnir annan kostnað verkkaupa s.s. skólabúnað og umsjón verkkaupa

Flokkur B var ekki hluti af kostnaðaráætlun á vinningstillögu

Áætlunin er á verðlagi í mars 2026 og reiknast með virðisaukaskatti



# Heildarkostnaðaráætlun

## 14.865.000.000 kr.- (A+B)

Efri vilmörk: +30% = 19.300.000.000 kr.

Neðri vilmörk -10% = 13.400.000.000 kr.

A Verktaka- og hönnunarkostnaður

13.780.000.000 kr.

B Annar kostnaður verkkaupa

Skólabúnaður = 765.000.000 kr.

Umsjón verkkaupa = 320.000.000 kr.





# Skólamannvirki 5.351 m<sup>2</sup>


## 8.452.000.000 kr.- (A+B)

Efri vikmörk: +30% = 10.100.000.000 kr.

Neðri vikmörk -10% = 7.000.000.000 kr.

A Verktaka – og hönnunarkostnaður  
7.767.000.000 kr.

B Annar kostnaður verkkaupa  
Skólabúnaður = 482.000.000 kr.  
Umsjón verkkaupa = 203.000.000 kr.





# Leikskólamannvirki 1.806 m<sup>2</sup>

## 3.582.000.000 kr.- (A+B)

Efri vikiörk: +30% = 4.300.000.000 kr.

Neðri vikiörk -10% = 3.000.000.000 kr.

A. Verktaka- og hönnunarkostnaður

3.341.000.000 kr.

B. Annar kostnaður verkkaupa

Skólabúnaður = 171.000.000 kr.

Umsjón verkkaupa = 70.000.000 kr.





# Íþróttamannvirki 1.249 m<sup>2</sup> 1.731.000.000 kr.- (A+B)

Efri vikiörk: +30% = 2.000.000.000 kr.

Neðri vikiörk -10% = 1.400.000.000 kr.


A. Verktaka- og hönnunarkostnaður

1.572.000.000 kr.

B. Annar kostnaður verkkaupa

Skólabúnaður = 112.000.000 kr.

Umsjón verkkaupa = 47.000.000 kr.





# Brúarmannvirki

**846.000.000 kr.- (A+B)**

Efri vikmörk: +30% = 1.100.000.000 kr.

Neðri vikmörk -10% = 761.000.000 kr.

A. Verktaka- og hönnunarkostnaður  
822.000.000 kr.

B. Annar kostnaður verkkaupa  
Umsjón verkkaupa = 24.000.000 kr.





# Vörputorg 600 m<sup>2</sup>


## 454.000.000 kr.- (A+B)

Efri vikmörk: +30% = 590.000.000 kr.

Neðri vikmörk -10% = 409.000.000 kr.

A. Verktaka- og hönnunarkostnaður  
434.000.000 kr.

B. Annar kostnaður verkkaupa  
Umsjón verkkaupa = 20.000.000 kr.





# 04 Tímalína heildarverkefni






**2026 undirbúningur**

**2027-2029 hönnunarfasi**

**2029-2035 framkvæmdarfasi**





Reykjavík

Studio B

ÚTI INNI  
ARKITEKTAR

## KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR SKÓLABRÚ

## MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 19068  
VERKHLUTI: 004  
HÖFUNDUR: RÓM  
DREIFING: Reykjavíkurborg

DAGS.: 2026-04-22  
NR.: -  
ÚTGÁFA 1

**Efni: Greinargerð um kostnaðaráætlun fyrir Skólalbrú í Vogabyggð**

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að Verkís geri kostnaðaráætlun fyrir byggingu skóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, ásamt göngu- og hjólabrúar yfir Ketilbjarnarsíki sem tengist fyrirbyggjandi stígum á Geirsnefi og liggur að Vörputorgi í Vogabyggð. Áætlunin byggir á samkeppnistillögu sem ber heitið „Skólalbrú“. Verkís hefur áður gert áætlun fyrir verktaka- og hönnunarkostnað vegna þeirra fimm tillagna sem tóku þátt í samkeppninni, þar á meðal fyrrnefnda tillögu „Skólalbrú“ sem hefur verið útfærð nánar í samstarfi hönnuða og Reykjavíkurborgar. Markmið þeirrar áætlunar var að gera dómnefnd samkeppninnar kleift að bera saman áætlaðan kostnað þeirra fimm tillagna sem bárust í samkeppninni. Sú kostnaðaráætlun, sem var birt í apríl 2024, tók til allra þeirra byggingarþátta sem voru sameiginlegir öllum tillögum og því var í henni ekki áætlaður heildarkostnaður við byggingarframkvæmd hvers tillögu þar sem nokkur atriði sem hafa áhrif á kostnaðinn lágu ekki fyrir þegar samkeppnin fór fram. Eru þar helst að nefna:

- Umfang frágangs á lóð til suðurs; Þar sem að tillögurnar gerðu ráð fyrir mismunandi stærð á frágangi og nýtingu lóðarinnar var ákveðið að draga sömu mörk fyrir allar tillögurnar og var sú tillaga sem sýndi minnsta lóðarflötinn lögð samanburðinum til grundvallar.
- Frágangur á Vörputorgi; Þar sem misjafnt var hvort tillögurnar innihéldu lýsingu á þeim frágangi var ákveðið að hafa ekki áætlaðan kostnað við þann frágang með í kostnaðarsamanburðinum.
- Förgun á menguðum jarðvegi; Þar sem ekki lágu fyrir neinar upplýsingar um það magn mengaðs jarðvegar sem mögulega þyrfti að farga, var ákveðið að hafa ekki áætlaðan kostnað vegna förgunarinnar með í kostnaðarsamanburðinum.
- Gatnagerðargjöld og önnur opinber gjöld; Ekki var talin þörf á að hafa innifalín gatnagerðargjöld og önnur opinber gjöld vegna byggingarframkvæmda til þess að skila samanburðarhæfum kostnaðarniðurstöðum.
- Áhættumat fyrir ófyrirséðan kostnað; Við áætlun á ófyrirséðum kostnaði miðaðist fyrst og fremst að óvissuþáttum sem tillögurnar áttu sameiginlega og sneru að mögulegri framkvæmd verkefnisins, án þess að taka mið af áhættu vegna mengaðs jarðvegs eða vegna ytri aðstæðna þar sem slíkt gæti orkað tvímælis í kostnaðarsamanburði.

Auk þessara atriða er fyrri áætlun á verðlagi í mars 2024 en hin nýja áætlun er á verðlagi í mars 2026. Vegna þessa er ekki gerlegt að gera beinan samanburð á niðurstöðunum úr þessum tveimur kostnaðaráætlunum.

Í þessari útgáfu áætlaðs kostnaðar eru þessi atriði endurskoðuð og endurmetin og þau atriði sem ekki voru með í fyrri áætlun er bætt við áætlaðan kostnað vegna framkvæmdanna.



## Almennar forsendur kostnaðarmats

Allir útreikningar eru framkvæmdir með einingaverðum Verkís í reiknilíkani Verkís. Allur áætlaður kostnaður er með virðisaukaskatti. Áætlunin er á verðlagi í mars 2026.

Magntökur eru framkvæmdar af drögum að uppdráttum hönnuðanna Úti Inni arkitektar og Studio B, dags. 15.4.2026. Áætlun frumbáttakostnaðar byggir á skráðum upplýsingum um jarðvegsaðstæður og einföldu magnlíkani af helstu byggingarþáttum, ásamt lýsingu á skipulagi og notkun mannvirkja í samkeppnistillögu að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á tillögunni og sjá má á ofanefndum uppdráttardrögum.

Stuðst er við greiningu Verkís frá apríl 2026 í minnisblaði um „Forathugun á súluundirstöðum fyrir Skólalabru“ fyrir á gerð undirstaða mannvirkis yfir vatnsfleti.

Einnig var stuðst við skráðar upplýsingar um jarðvegsaðstæður úr jarðvegskönnun í greinargerð Mannvits um Elliðarárás frá árinu 2011 og í tillögu Verkís frá mars 2026 um framkvæmd ítarlegrar rannsóknar á stöðu mengunar á lóðinni til þess að áætla umfang jarðvegsskipta undir landmótun.

Þar sem ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um eðli og magn mengaðs jarðvegs á lóðinni, miðast áætlaður kostnaður við magnáætlun sem gerir ráð fyrir heildarmagni jarðvegs á lóð og nær frá landhæð á fjöru undir lóðinni og upp á núverandi yfirborð lóðarinnar.

Við mat á verktakakostnaði er miðað við að verkefnið sé unnið sleitulaust í almennu útboði þar sem fyrir liggur byggingarleyfi, fullnaðarhönnun og verklýsingar. Miðað er við að verkinu sé að fullu lokið á 38 mánuðum.

Opinber gjöld, hér talin gatnagerðargjöld, skipulagsgjald, tengigjöld og gjöld vegna byggingarleyfis, eru áætluð og innifalin í kostnaðaráætluninni. Um gatnagerðargjöld gilda bráðabirgðaákvæði II í samþykkt nr. 191/2025.

Stuðst er við einingaverð helstu byggingarhluta mælt af uppdráttum og fermetraverð rýma í samræmi við uppgjafir stærðir á teikningum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru vikið áætlanu -10% og +30%.

Við mat á verktakakostnaði er miðað við að framkvæmd verkþátta sé unnin af verktaka sem hefur á sínum snærum alla nauðsynlega iðnmeistara, iðnaðarmenn, tæki og aðstöðu til þess að vinna verkið og hafi verkstæðisaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður og umfang aðstöðu sem sett er upp til þess að vinna verkþætti miðast við kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum og kjarasamningum iðnaðarmanna. Innifalið í öllum kostnaði er áhætta og ágóði undirverktaka. Öll verð eru úr verðbanka Verkís hf. fyrir byggingarframkvæmdir.

Til þess að áætla kostnað við aðstöðusköpun fyrir verktaka var gerð einföld greining á tíma-, véla- og mannaflapörf sem byggir á reynslu eftirlits af öðrum verkefnum af svipuðum toga. Miðað var við að tímaáætlunin hæfist þegar samningur við verktaka lægi fyrir, þ.e.a.s. þegar að fullnaðarhönnun væri lokið, byggingaráform kynnt og að framkvæmdir hefðu verið boðnar út í einum áfanga. Þá er einnig gengið út frá því að fyrirbyggjandi sé samþykkt deiliskipulag og að framkvæmdum vegna gatnagerðar og veitulagna sé lokið.

Við mat á hönnunarkostnaði er stuðst við lykiltölur Verkís hf. fyrir hönnun samfélagsmannvirkja. Í sundurliðun á hönnunar- og ráðgjafakostnaði er aðeins áætlaður sá kostnaður sem fylgir aðkeyptri umsjón, þar með talið umsjón hönnunar- og byggingarstjóra og umsjónarmanns verkkaupa eins og verkefni þeirra eru skilgreind í byggingarreglugerð og ÍST 30. Öll önnur umsjón verkkaupa í formi verkefnisstjóra og starfsmanna sem m.a. sinna umsýslu verksamninga og uppgjör reikninga er innifalin í áætlunum kostnaði og er stuðst við reynslutölur frá samskonar verkefnum. Má ráðgera að þessi kostnaður við umsjón verkkaupa liggja nærri 320 milljónum króna og er honum skeytt við kostnaðaryfirlit hér að neðan.

Í kostnaðaráætluninni er ekki gert ráð fyrir búnaði sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi skólans, hvorki innanhúss né leiktæki utanhúss, enda fylgdi enginn tæmandi listi yfir slíkan búnað í samkeppnistillögunni. Sé aftur á móti stuðst við reynslutölur úr samskonar skólaverkefnum má ráðgera að kostnaðurinn við skólalabru liggja nærri 765 milljónum króna. Er þessum kostnaði skeytt við niðurstöður kostnaðarmatsins ásamt með öðrum umsjónarkostnaði verkkaupa.



Áætlun kostnaðar er í flokki 4 samkvæmt skilgreiningu AACE International Recommended Practices (sjá kostnadur.is). Slík áætlun er byggð á fyrirbyggjandi þarfagreiningu og upplýsingum sem fram koma á bráðabirgðagrunnmyndum tillagna og tillögu að lóðarskipulagi. Nákvæmni gagna miðast við að verkefnið sé nú um 15% af fullskilgreindu verkefni.

Að ósk Reykjavíkurborgar er kostnaðaráætlunin sundurliðuð í eftirfarandi mannvirki:

1. Skólamannvirki; það mannvirki sem tilheyrir skólastarfsemi að frátöldum íþrótta- og leikskólamannvirkjum.
2. Íþróttamannvirki; Áætlaður kostnaður þess endurspeglar þann kostnað sem þarf til þess að „bæta við“ skólamannvirkið íþróttasal ásamt áhaldageymslu, stoðrymum og búningastöðu eins og þetta er útfært á teikningum arkitekta.
3. Leikskólamannvirki; Áætlaður kostnaður þess endurspeglar þann kostnað sem þarf til þess að „bæta við“ skólamannvirkið deildarymum leikskóla ásamt inngangsrýmum og stoðrymum eins og þetta er útfært á teikningum arkitekta.
4. Brúarmannvirki; Göngu og hjólabrú eins og útfærð var í samkeppnistillögu hönnuða og aðlöguð er formi byggingarinnar eins og fram kemur á teikningum hönnuða.
5. Vörputorg; Frágangur á torgi sem ætlað er gangandi og hjólandi og tengir saman göngu- og hjólastíga og aðliggjandi umferðargötur í Vogabyggð. Gert er ráð fyrir sexhyrnu torgi sem þekur um 600 m<sup>2</sup> svæðis og aðlagar hæðalegu Skólalabúar að aðliggjandi umhverfi.

Fyrir hvert mannvirki er gerð grein fyrir sundurliðuðum frumþáttakostnaði, sundurliðuðum verktakakostnaði og sundurliðuðum hönnunar- og ráðgjafarkostnaði, öðrum verkkaupakostnaði ásamt opinberum gjöldum.

Öll sundurliðun kostnaðar sem tilgreindur er í kostnaðaráætlun, byggir á fyrirmynd SI, FRV, MFV og SAMARK sem kynnt var í október 2022. Nánari skýringar á hvað sé innifalið í kostnaðarliðum og skilgreiningar á hugtökum eru að finna á vefsvæðinu [kostnadur.is](http://kostnadur.is)



## Kostnaðarmat

Hér að neðan er upprunaleg heildaráætlun uppfærð á verðlag dagsins í dag og að teknu tilliti til breytinga á stærð mannvirkis.

Áætlunin er á verðlagi í mars 2026 og með virðisaukaskatti.

VOGABYGGÐ - ÁÆTLAÐUR VERKTAKA- OG HÖNNUNARKOSTNAÐUR FYRIR BYGGINGU SAMÞÆTTS LEIK- OG GRUNNSKÓLA, FRÍSTUNDAHEIMILIS OG FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR ÁSAMT GÖNGU- OG HJÓLABRÚAR		
VOGABYGGÐ - ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA BYGGINGU SKÓLABRÚAR	Uppfærð áætlun til verðlags í mars 2026	Uppfærð áætlun með nýjum magnstærðum
KOSTNAÐARLIÐUR	ISK	ISK
<b>Frumþáttakostnaður</b>		
Uppgröftur og förgun á menguðum jarðvegi		3.300.000.000
Jarðvinna	660.000.000	660.000.000
Burðarvirki	2.000.000.000	2.000.000.000
Lagnir	880.000.000	860.000.000
Rafkerfi	800.000.000	780.000.000
Frágangur innanhúss	1.790.000.000	1.740.000.000
Frágangur utanhúss	1.100.000.000	1.100.000.000
Útisvæði	290.000.000	280.000.000
Göngu- og hjólabrú	690.000.000	680.000.000
<b>Verkkostnaður</b>		
Aðstaða	160.000.000	160.000.000
Óbeinn kostnaður verktaka	350.000.000	350.000.000
Ófyrirséður kostnaður verktaka	260.000.000	260.000.000
<b>Verktakakostnaður</b>		
Ófyrirséður kostnaður verkkaupa	490.000.000	490.000.000
<b>Hönnun og ráðgjöf</b>		
Hönnunarkostnaður	440.000.000	440.000.000
Þjónusta á verktíma	24.000.000	24.000.000
Verkefnastjórnun	39.000.000	39.000.000
Umsjón og eftirlit	280.000.000	280.000.000
Önnur ráðgjöf	52.000.000	52.000.000
Skipulagsgjald		31.000.000
Gatnagerðargjöld		254.000.000
<b>A. VERKTAKA - OG HÖNNUNARKOSTNAÐUR ALLS:</b>	<b>10.305.000.000</b>	<b>13.780.000.000</b>
<b>BRÚTTÓSTÆRÐ M<sup>2</sup>:</b>	8.634	8.406
<b>B. ANNAR KOSTNAÐUR VERKKAUPA</b>		
Skólabúnaður	765.000.000	765.000.000
Umsjón verkkaupa	320.000.000	320.000.000
<b>HEILDARKOSTNAÐUR (A+B):</b>	<b>11.390.000.000</b>	<b>14.865.000.000</b>
<b>VIKMÖRK ÁÆTLUNAR (A+B)</b>		
Efri mörk +30%:	14.800.000.000	19.300.000.000
Neðri mörk -10%:	10.300.000.000	13.400.000.000



## Sundurliðað kostnaðarmat

Hér að neðan er heildaráætlunin fyrir Skólabrú að teknu tilliti til breytinga á stærð mannvirkis, sundurliðuð í mannvirki.

VOGABYGGÐ - ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA SKÓLABRÚAR, SUNDURLIÐAÐUR Á MANNVIRKI	Skólamannvirki	Íþróttamannvirki	Leikskólamannvirki
KOSTNAÐARLIÐUR	ISK	ISK	ISK
<b>Frumþáttakostnaður</b>			
Uppgröftur og förgun á menguðum jarðvegi	1.500.000.000	600.000.000	1.200.000.000
Jarðvinna	180.000.000	69.000.000	139.000.000
Burðarvirki	1.400.000.000	130.000.000	470.000.000
Lagnir	600.000.000	57.000.000	203.000.000
Rafkerfi	510.000.000	99.000.000	171.000.000
Frágangur innanhúss	1.200.000.000	151.000.000	389.000.000
Frágangur utanhúss	810.000.000	89.000.000	201.000.000
Útísvæði	100.000.000	36.000.000	72.000.000
Göngu- og hjólabrú			
<b>Verkkostnaður</b>			
Aðstaða	102.000.000	24.000.000	34.000.000
Óbeinn kostnaður verktaka	214.000.000	50.000.000	72.000.000
Ófyrirséður kostnaður verktaka	159.000.000	37.000.000	54.000.000
<b>Verktakakostnaður</b>			
Ófyrirséður kostnaður verkkaupa	299.000.000	70.000.000	101.000.000
<b>Hönnun og ráðgjöf</b>			
Hönnunarkostnaður	269.000.000	63.000.000	91.000.000
Þjónusta á verktíma	15.000.000	3.000.000	5.000.000
Verkefnastjórnun	24.000.000	6.000.000	8.000.000
Umsjón og eftirlit	171.000.000	40.000.000	58.000.000
Önnur ráðgjöf	32.000.000	7.000.000	11.000.000
Skipulagsgjald	20.000.000	4.000.000	7.000.000
Gatnagerðargjöld	162.000.000	37.000.000	55.000.000
<b>A. VERKTAKA - OG HÖNNUNARKOSTNAÐUR ALLS:</b>	<b>7.767.000.000</b>	<b>1.572.000.000</b>	<b>3.341.000.000</b>
<b>BRÚTTÓSTÆRÐ M<sup>2</sup>:</b>	5.351	1.249	1.806
<b>B. ANNAR KOSTNAÐUR VERKKAUPA</b>			
Skólabúnaður	482.000.000	112.000.000	171.000.000
Umsjón verkkaupa	203.000.000	47.000.000	70.000.000
<b>HEILDARKOSTNAÐUR (A+B):</b>	<b>8.452.000.000</b>	<b>1.731.000.000</b>	<b>3.582.000.000</b>
<b>VIKMÖRK ÁÆTLUNAR (A+B)</b>			
Efri mörk +30%:	10.100.000.000	2.000.000.000	4.300.000.000
Neðri mörk -10%:	7.000.000.000	1.400.000.000	3.000.000.000



## Sundurliðað kostnaðarmat

Hér að neðan er sundurliðað kostnaðarmat fyrir göngubrú og frágang á Vörputorgi.

Áætlunin er á verðlagi í mars 2026 og með virðisaukaskatti.

VOGABYGGÐ - ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR, SUNDURLIÐAÐUR Á MANNVIRKI	Brúarmannvirki	Vörputorg
KOSTNAÐARLIÐUR	ISK	ISK
<b>Frumþáttakostnaður</b>		
Uppgröftur og förgun á menguðum jarðvegi		
Jarðvinna	66.000.000	95.000.000
Burðarvirki	306.000.000	
Lagnir	34.000.000	43.000.000
Rafkerfi	82.000.000	67.000.000
Frágangur innanhúss		
Frágangur utanhúss	224.000.000	
Útisvæði		111.000.000
Göngu- og hjólabrú		
<b>Verkkostnaður</b>		
Aðstaða	34.000.000	25.000.000
Óbeinn kostnaður verktaka	14.000.000	15.000.000
Ófyrirséður kostnaður verktaka	10.000.000	11.000.000
<b>Verktakakostnaður</b>		
Ófyrirséður kostnaður verkkaupa	20.000.000	21.000.000
<b>Hönnun og ráðgjöf</b>		
Hönnunarkostnaður	17.000.000	22.000.000
Þjónusta á verktíma	1.000.000	3.000.000
Verkefnastjórnun	1.000.000	3.000.000
Umsjón og eftirlit	11.000.000	15.000.000
Önnur ráðgjöf	2.000.000	3.000.000
Skipulagsgjald		
Gatnagerðargjöld		
<b>A. VERKTAKA - OG HÖNNUNARKOSTNAÐUR ALLS:</b>	<b>822.000.000</b>	<b>434.000.000</b>
<b>BRÚTTÓSTÆRÐ M<sup>2</sup>:</b>		600
<b>B. ANNAR KOSTNAÐUR VERKKAUPA</b>		
Umsjón verkkaupa	24.000.000	20.000.000
<b>HEILDARKOSTNAÐUR (A+B):</b>	<b>846.000.000</b>	<b>454.000.000</b>
<b>VIKMÖRK ÁÆTLUNAR (A+B)</b>		
Efri mörk +30%:	1.100.000.000	590.000.000
Neðri mörk -10%:	761.000.000	409.000.000

Ragnar Ómarsson  
Byggingafræðingur